

Ed.

447. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um rafmagnsveitur.

Háttvirt neðri deild hefir gert tvær breytingar á frumvarpinu, báðar í 6. gr.; hún vill lengja leyfistímann úr 15 árum upp í 30 ár; hún vill að 5 menn sjeu í yfirmatsnefnd og allir tilnefndir af yfirdómnum.

Vjer getum ekki fallist á þessar breytingar.

Oss er kunnugt að rafmagnsveitur eru ekki endingargóðar, svo að flesta þá hlutina, sem mest verðmæti er í, þarf að nýja upp á 10—15 ára fresti. Ennfremur erum vjer þess fullvissir að leyfistakar muni jafnan fáanlegir þótt leyfið sje ekki í boði til lengri tíma en 10—15 ár. Hins vegar getur það orðið mikill óhagur fyrir sveitarfjelög að veita slík leyfi til langs tíma, en eftirsóknin mikil eftir löngum leyfum og sveitafjelögum oft óljóst, hvað þau eiga í húfi.

Um yfirmatið er það að segja, að oss virðist afaróhentugt að ætla yfirdóminum að nefna 5 yfirmatsmenn, ef meta skal eign í fjarlægum hjeruðum, langt frá höfuðstað landsins; eigi þá að velja mennina innan hjeraðs, brestur yfirdóminn að sjálfsögðu oft kunnugleika, en sjeu mennirnir teknir flestir eða allir í Rvík, þá verður matskostnaðurinn harla mikill, ef meta skal mannvirki í öðrum landsfjórðungi.

Fyrir því leggjum vjer til að háttvirt efri deild haldi fast við það, sem hún áður hefir samþykkt og berum upp þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 6. gr. 1. málsgr.

Í stað »30 ár« komi:
15 ár.

2. Við 6. gr. 3. málsg.

Í stað »Skjóta má ... hvert skifti« komi:

Skjóta má gjörð þeirra til 3 manna yfirmatsnefndar, er tilnefnd sje á sama hátt, að öðru leyti en því, að hinn islenski landsyfrrjettur skal dómkveðja formann yfirmatsnefndarinnar.

Efri deild Alþingis 19. ágúst 1915.

Karl Einarsson, G. Björnsson,
form. ritari.

M. Pjetursson.